

INFLÚENSA - BÓLUSETNING OG MEÐFERÐ Á MEÐGÖNGU

Á meðgöngu og fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu er aukin hættu á alvarlegum veikindum og fylgikvillum vegna inflúensu og dánartíðnin er hærri. Það sama gildir um ungbörn sem veikjast af inflúensu fyrstu sex mánuði ævinnar.

BÓLUSETNING

Bóluefni gegn árstíðabundinni inflúensu er öruggt bóluefni fyrir verðandi móður, fóstur og barn.

Við bólusetningu á meðgöngu berast mótefni yfir fylgjuna og veita barninu vörn fyrstu mánuði ævinnar.

- Mælt er með inflúensubólusetningu óháð meðgöngulengd
- Ekki ætti að fresta inflúensubólusetningu fram að kíghóstabólusetningu
- Inflúensubólusetningu og kíghóstabólusetningu má gefa samtímis, helst í sitthvorn handlegg/útlím. Ef stungið er í sama handlegg/útlím þurfa að vera a.m.k. 2.5 cm á milli stungustaða
- Anti Rhesus D mótefnasprautu (Rhophylac® 1500 a.e.) má gefa samtímis inflúensubólusetningu
- Þjóða ætti inflúensubólusetningu árlega.

MEÐFERÐ

Í neðangreindum tilvikum er ráðlagt að hefja meðferð sem fyrst ef inflúensulík einkenni eru til staðar þrátt fyrir bólusetningu:

- Barnshafandi konur á 2. og 3. þriðjungi
- Konur innan tveggja vikna frá fæðingu

Oseltamivir (Tamiflu) er talið öruggt á 2. og 3. þriðjungi meðgöngu og í brjóstagjöf. Meðferð ætti að hefjast eins fljótt og unnt er, helst innan 48 klukkustunda eftir að einkenni koma fram.

Sjá nánar: www.infpreg.se

Sjá nánar: www.uptodate.com